

Stjórnarfundur TSÍ þann 28.10.2009 kl 12:00 – 13:00

Mætt voru Hafsteinn, Ingólfur, Rakel, Raj og Skjöldur

1. Árshátíð TSÍ – 28.nóv.2009

Komið er á hreint að árshátíð TSÍ verði haldin í salarkynnum ÍSÍ laugardaginn 28.nóvember næstkomandi. Stjórn og varastjórn TSÍ ásamt framkvæmdastjóra munu sjá um árshátíðina og ákveðið var að fá einn aðila frá hverju tennisfélagi til að leggja hönd á plóg við skipulagningu árshátíðarinnar. Raj mun hafa samband við félögin og fá þá til að senda eina manneskju. Ákveðið var að halda næsta fund fimmtudaginn 5.nóv kl 21:00 þar sem allir þessir aðilar munu hittast og skipuleggja árshátíðina í þaula. Í millitíðinni mun Ingólfur í samstarfi við Rakel búa til auglýsingu fyrir árshátíðina og setja hana inn á heimasíðu TSÍ eins fljótt og auðið er. Hafsteinn mun búa til “facebook event” um árshátíðina til að reyna að ná til flestra tennisáhugamanna og vekja enn meiri athygli á árshátíðinni.

Ákveðið var að aldurstakmark yrði 16 ára og að selt yrði áfengi á staðnum. Miðasölunni verður þannig háttað að hægt verður að leggja inn á reikning TSÍ með nafn sitt sem skýringu og einnig verður hægt að kaupa miða í Tennishöllinni ef að Jónas gefur grænt ljós á það.

Stefnt er að því að veita e-r viðurkenningar á árshátíðinni og var farið yfir athugasemdir frá Raj varðandi þær reglugerðir sem Rakel lagði fram á síðasta fundi. Ákveðið var að hér eftir væri tilnefndur efnilegasti tennisþáttur bæði í karla- og kvennaflokki. Einnig var ákveðið að framkvæmdastjóri hefði ekki atkvæðarétt í þessum reglugerðum þar sem hann væri meira hugsaður sem ráðgjafi stjórnar. Rakel mun breyta reglunum til samræmis við þessar ákvarðanir.

Kveðja,
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ